



**HÚNAÞING
VESTRA**

LIFANDI SAMFÉLAG

Reglur um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni í Húnaþingi vestra

1. gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að tryggja fötluðum börnum og ungmennum í Húnaþingi vestra aðgang að frístundaþjónustu sem stuðlar að félagslegri þátttöku, sjálfstæði og vellíðan, í samræmi við 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þau börn sem eiga rétt á þjónustu á grundvelli þessara reglna eiga rétt á sumarorlofi og skal frístundaþjónusta samræma sumarorlof við aðra reglulega starfsemi með börnum í sveitarfélaginu.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt almennri frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður viðkomið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Þjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði.

2. gr.

Réttur til þjónustu

Fötluð börn og ungmenni með lögheimili í Húnaþingi vestra eiga rétt á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi lýkur og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar eru lokaðir. Þjónustan tekur

við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla, sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

3. gr.

Umsókn og mat

Umsókn um frístundaþjónustu skal berast til fjölskyldusviðs í gegnum íbúagátt. Við mat á þörf fyrir þjónustu skal taka mið af einstaklingsbundnum stuðningsþörfum og óskum barnsins og fjölskyldu þess.

Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn um frístundaþjónustu þar sem einnig kemur fram mat á stuðningsþörf. Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Sé ekki unnt að hefja stuðning strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að samþykkt þjónusta geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um önnur úrræði á biðtíma. Við mat á umsókn skal tekið mið af:

- Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemandans frá viðurkenndum greiningaraðilum.
- Mati á stuðningsþörf (SIS) frá Ráðgjafar- og greiningarstöð
- Mati á náms- og félagslegri stöðu nemandans, félagslegri þátttöku og líðan.
- Óskum foreldra og nemanda að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- Mati á heildrænni þjónustuþörf og réttindum í samræmi við 2. og 5. gr. leiðbeininga Félagsmálaráðuneytis um framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sbr. 16 gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

4. gr.

Þjónustuáætlun

Fyrir hvert barn sem nýtur frístundaþjónustu skal gerð einstaklingsbundin þjónustuáætlun í samræmi við 12. og 19. gr. laga nr. 38/2018. Við gerð áætlunarinnar skal tryggja samstarf milli félags-, heilbrigðis-, mennta- og frístundamála. Fagteymi fjölskyldusviðs hefur það hlutverk að útfæra þjónustuna, tryggja samfellu og gæði hennar og hafa samráð sín í milli um fjárhagslega umsýslu þjónustunnar.

5. gr.

Inntak þjónustunnar

Frístundaþjónustan skal vera fjölbreytt og taka mið af áhugasviði og getu hvers barns. Hún getur falið í sér þátttöku í íþróttum, listum, tómstundum og öðrum félagslegum viðburðum sem standa til boða í samfélagsmiðstöðinni á Hvammstanga.

6. gr.

Samstarf og samhæfing

Til að tryggja samfellu í þjónustu skal leggja áherslu á samstarf við foreldra/forráðamenn, skóla og aðra þjónustuaðila. Sérstök áhersla er lögð á samstarf við íþróttafélög, félagasamtök og samfélagsmiðstöð til að bjóða upp á fjölbreytta og aðgengilega starfsemi.

7. gr.

Gjaldtaka

Gjaldtaka skal vera sambærileg og fyrir aðra frístundaþjónustu í sveitarfélaginu. Ekki er heimilt að innheimta gjald vegna stuðnings sem veittur er sérstaklega vegna fötlunar.

8. gr.

Eftirlit og endurskoðun

Félagsmálaráð Húnaþings vestra ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd þessara reglna og skal endurskoða þær reglulega í samráði við hagsmunaaðila, foreldra og notendur þjónustunnar.

Samþykkt á 263. fundi félagsmálaráðs þann 20. ágúst 2025.

Samþykkt á 393 fundi sveitarstjórnar þann 11. september 2025.